

# Ársskýrsla matvælaráðherra 2021



Stjórnarráð Íslands  
Matvælaráðuneytið





## Ársskýrsla matvælaráðherra

Matvælaráðuneytið  
Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík  
Sími: 545 9700 | mar@mar.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Svandís Svavarsdóttir  
Umsjón: Matvælaráðuneytið  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Matvælaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>
<b>Samantekt um starfsemi matvælaráðuneytisins</b>	<b>6</b>
<b>Fréttaannáll</b>	<b>8</b>
Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	13
Landbúnaðarmál	14
Landgræðslan og skógræktin	16
Sjávarútvegur og fiskeldi	17
Háskólastig	19
<b>Málaflokkar</b>	<b>20</b>
<b>Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna</b>	<b>21</b>
12.10 Stjórnun landbúnaðarmála	22
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	24
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	25
13.20 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	27
<b>Frávikgreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn</b>	<b>29</b>



## Ávarp ráðherra

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók til starfa 28. nóvember 2021 og 1. desember sama ár tók ég við sem sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra. Stærsta verkefni ráðuneytisins á næstu árum verða græn umskipti í sjávarútvegi og landbúnaði og grænar áherslur í þeim málaflokkum sem hér eru undir. Þangað þurfum við að komast, með samdrætti í losun, náttúruvernd, orkuskiptum og grænni fjárfestingu.

Ljóst er að samdráttur í losun frá sjávarútvegi og landbúnaði skiptir miklu máli svo Ísland standist alþjóðlegar skuldbindingar og nái kolefnishlutleysi. Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum áfram á þeirri vegferð að stuðla að umhverfsvænni matvælaframleiðslu á Íslandi.

Styrkleikar íslensks sjávarútvegs eru hagkvæmni og mikil fjárfesting í nýsköpun og tækni. Því höfum við allt sem þarf til að ná markmiðum samfélagsins. Samhliða umhverfsvænni nýtingu þurfum við líka að huga að verndun, sjálfbærni og hagkvæmri nýtingu nytjastofna í sjó og lifandi auðlinda hafs.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var unnin mikilvæg vinna hvað varðar umhverfsvænni sjávarútveg sem byggja má áframhaldandi vinnu á. Þar má til dæmis nefna skýrslu starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra; Græn skref í sjávarútvegi.

Samhliða skipan hópsins undirrituðu sex ráðherrar og fulltrúar Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi samstarfsyfirlýsingu sumarið 2020, um græn skref í sjávarútvegi, þar sem kveðið var á um formlegt samstarf stjórnvalda og sjávarútvegsins til að tryggja að markmiðum Íslands í loftslagsmálum verði náð.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda og sjávarútvegsins að skapa umgjörð svo greinin geti haldið áfram að leggja sitt af mörkum til þeirra nauðsynlegru skrefa sem stíga þarf í loftslagsmálum, bæði til skemmri og lengri tíma og ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að stuðla að framgangi þess stóra verkefnis. Ísland á að vera í fararbroddi í umhverfismálum á alþjóðavísu. Þróun og árangur íslensks samfélags hefur byggst á því að skapa jafnvægi í sambýli fólks og náttúru og á þeim grunni þarf að byggja til framtíðar og tryggja forsendur til velsældar núverandi og komandi kynslóða. Við erum hluti af vistkerfum jarðar en þau þarf bæði að vernda og efla og sjálfbærni í allri umgengni við náttúruna er í því samhengi lykilatriði.

Landbúnaðurinn býr jafnframt að góðum grunni, til dæmis aðgerða-áætlun Íslands í loftslagsmálum frá 2020. Íslensk stjórnvöld settu sér skýr markmið um aðgerðir til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. Í aðgerðaáætluninni er sérstakur kafli tileinkaður landbúnaði þar sem fram koma fimm aðgerðir



sem eru til þess fallnar að draga úr losun í landbúnaði, en losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði kemur einkum frá búfé og notkun áburðar.

Aðgerðirnar sem snúa að landbúnaði eru loftslagsvænni landbúnaður, kolefnishlutleysi í nautgriparækt, aukin innlend grænmetisframleiðsla, bætt nýting og meðhöndlun áburðar og bætt fóðrun búfjár til að draga úr iðragerjun. Mikilvægt er að koma þessum aðgerðum til framkvæmda, og samtímis þarf að gæta að því að afkoma bænda skerðist ekki. Jafnframt þarf að varpa frammi skýrri sýn um hvernig þessum markmiðum verði náð og virkir hvatar byggðir inn í búvörusamninga þannig að bændum sé umbunað fyrir árangur.

Með því að vinna markvisst að því að stuðla að grænni og loftslagsvænni landbúnaði gætum við að lífríkinu og drögum úr neikvæðum loftslagsbreytingum af mannavöldum. Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið og ég og mitt ráðuneyti munum leggja lóð á vogar-skálarnar til að framfylgja þeim.



---

# Samantekt um starfsemi matvælaráðuneytisins

---

# Samantekt um starfsemi matvælaráðuneytisins

Matvælaráðuneytið tók formlega til starfa 1. febrúar 2022. Ráðuneytið byggir á grunni þeirra málefna sem heyrðu undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, þar að auki bættust við málefni skógræktar og landgræðslu.

Matvælaráðherra er Svandís Svavarsdóttir, ráðuneytisstjóri er Benedikt Árnason.

Ráðuneytið samanstendur af skrifstofum landbúnaðar, sjávarútvegs og matvæla. Skrifstofur sjálfbærni og fjármála eru stoðskrifstofur sem vinna að faglegri samþættingu verkefna. Gagnsæi, skýr og fagleg stjórnsýsla ásamt sveigjanleika eru leiðarljós í allri vinnu ráðuneytisins.

Stefna matvælaráðuneytisins er að Ísland verði í fremstu röð á heimsvísu í framleiðslu matvæla. Áhersla er lögð á ábyrga umgengni við náttúru, endurheimt landgæða, sjálfbæra nýtingu auðlinda, öfluga nýsköpun og vöruþróun í hæsta gæðaflokki. Fullvinnsla afurða, hringrásarhagkerfi og lágmarkun kolefnisspors eru meginmarkmið. Matvæla- og fæðuöryggi er einnig meginstef í störfum ráðuneytisins. Við ákvarðanatöku eru vistvæn nálgun og varúðarsjónarmið höfð að leiðarljósi. Litið er í senn til samfélagsgæða, viðkvæmra vistkerfa og efnahagslegra hagsmuna þjóðarinnar.

Orðspor Íslands sem framleiðanda matvæla er dýrmætt og hluti af þeim hagsmunum sem ráðuneytið þarf að standa vörð um í samskiptum við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Á fyrri helmingi árs 2022 hafa þegar fyrstu skref nýs ráðuneytis verið tekin. Þann 28. febrúar fór greinargerð matvælaráðherra um áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla í samráð á Samráðsgátt stjórnvalda. Í greinargerðinni er lýst fyrirhugaðri vinnu við matvælastefnu og undirstefnum hennar á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar og fiskeldis. Alls bárust 24 umsagnir. Umsagnir sem voru veittar voru fjölbreyttar og munu þær nýtast ráðuneytinu vel í komandi stefnumótunarvinnu á kjörtímabilinu.





## Fréttannaáall 2021 (janúar–júní)

**26. janúar**

Undirrituð reglugerð um veiðar á loðnu á allt að 61.000 tonnum af loðnu á vertíðinni 2020/2021.  
[Nánar >](#)

**27. janúar**

Bjargráðasjóður úthlutar 442 milljónum kr. til bænda.  
[Nánar >](#)



**3. febrúar**

15 milljónum kr. veitt til að styrkja nýjar ræktunaraðferðir í grænmetisframleiðslu.  
[Nánar >](#)

**17. febrúar**

Aðgerðaáætlun til eflingu íslensks landbúnaðar kynnt.  
[Nánar >](#)

**4. mars**

Opnað fyrir umsóknir um fjárfestingastuðning í sauð-fjárrækt.  
[Nánar >](#)


**26. febrúar**

Fyrsta stjórn Fiskeldissjóðs skipuð.  
[Nánar >](#)



**25. febrúar**

Skýrslu skilað um aukna verðmætasköpun við slátrun sauðfjár á Íslandi.  
[Nánar >](#)



**12. mars**

970 milljónir kr. til sauðfjár- og nautgripabænda til að mæta áhrifum COVID-19.  
[Nánar >](#)

**23. mars**

Auglýst eftir umsóknum um fjárfestingastuðning í svínarækt.  
[Nánar >](#)

**31. mars**

Þorsteinn Sigurðsson ráðinn nýr forstjóri Hafrannsóknastofnunar.  
[Nánar >](#)



**11. maí**

Átta lýstu yfir áhuga á smíði hafrannsóknaskips í forútbóði.  
[Nánar >](#)

**4. maí**

Heimaslátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum heimiluð.  
[Nánar >](#)

**23. apríl**

Aflamark í ýsu aukið um 8.000 tonn.  
[Nánar >](#)



**8. apríl**

Opinn streymisfundur um Mælaborð landbúnaðarins.  
[Nánar >](#)



**26. maí**

Samningur undirritaður við Bændasamtökin um nýtt íslenskt búvörumerki.  
[Nánar >](#)

**1. júní**

Kynningarhringferð vegna „Ræktum Ísland!“.  
[Nánar >](#)

**8. júní**

Tollkvótum framvegis úthlutað með rafrænum hætti.  
[Nánar >](#)

**11. júní**

Samningur undirritaður um tækifæri til hagræðingar í sauðfjárþúskaþ.  
[Nánar >](#)



## Fréttannaáall 2021 (júní–nóvember)

22. júní

Ráðstefna um framtíð íslensks sjávarútvegs og fiskeldis: Tækifæri og áskoranir.


[Nánar >](#)



20. júlí

Heimildir til strandveiða auknar.

[Nánar >](#)



23. júlí

Benedikt Árnason ráðinn ráðuneytisstjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

[Nánar >](#)

8. september

Auglýst eftir umsóknum fyrir styrki til rannsókn- og þróunarverkefna búgreina.

[Nánar >](#)

27. ágúst

Vinna hafin við mótun fæðuöryggisstefnu.

[Nánar >](#)

31. júlí

Opnað fyrir umsóknir vegna nýliðunarstuðnings í landbúnaði.

[Nánar >](#)



10. september

Auglýst eftir umsóknum fyrir jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna ræktunar á árinu 2021. [Nánar >](#)

14. september

Tillögur kynntar að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

[Nánar >](#)

14. september

Fjölbreytni lífs í nútíð og framtíð – málþing um líffræðilega fjölbreytni.

[Nánar >](#)



15. október

Auglýst eftir umsóknum fyrir styrki til rannsókn- og þróunarverkefna í nautgripa-rækt. [Nánar >](#)

13. október

Reglugerð um veiðar á loðnu undirrituð.

[Nánar >](#)

24. september

Einföldun á skráningarskyldu lítilla landeldisstöðva.

[Nánar >](#)

23. september

Breyting á reglugerð til að styrkja eftirlit og vöktun í laxeldi.

[Nánar >](#)



28. október

Strandríki við Norðaustur-Atlantshaf ræddu stjórn veiða á norsk-íslenskri síld, kolmunna og makríl. [Nánar >](#)

11. nóvember

Álag greitt vegna fiðu og mjólkurframleiðslu í geitfjarrækt.

[Nánar >](#)



16. nóvember

Innanlandsvog vegna þarfa og eftirspurnar innanlandsmarkaðar á kindakjöti gefin út.


[Nánar >](#)

## Fréttannaáall 2021 (nóvember–desember)

### 17. nóvember

Ársfundur Norðuraustur-Atlantshafs fiskveiðiráðsins 2021.

[Nánar >](#)



### 19. nóvember

Loftslagsvænn landbúnaður fékk hvatningarviðurkenningu Reykjavíkurborgar og Festu.

[Nánar >](#)



### 29. nóvember

Svandís Svavarsdóttir tekur við ráðherraembætti af Kristjáni Þór Júlíusssyni.

[Nánar >](#)

### 9. desember

Svandís Svavarsdóttir skipar starfshóp til að fjalla um blóðtöku úr fylfullum hryssum.

[Nánar >](#)



### 1. desember

Stækkun veiðisvæðis loðnu með flotvörpu.

[Nánar >](#)




### 15. desember

Drög að breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarnarnir, fiskeldi og umhverfismat í Samráðsgátt. [Nánar >](#)

# Rekstur og fjárfestingar

## Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrargjöld og fjárfestingar



Verkefni á forræði matvælaráðherra tilheyra sex málefnasviðum. Ráðherra fer einn með forræði tveggja málefnasviða, þ.e. **12 Landbúnaður** og **13 Sjávarútvegur og fiskeldi** en að hluta til með forræði málefnasviðs **7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar**, málefnasviðs **16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar**, málefnasviðs **17 Umhverfismál** og málefnasviðs **21 Háskólastig**.

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði matvælaráðherra námu 27.987,6 m.kr. en til ráðstöfunar á árinu voru 29.337,72 m.kr., að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári upp á 2.239 m.kr. Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.





Málaflokkar - rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b>	<b>759,2</b>	<b>628,2</b>	<b>-131,0</b>	<b>-20,9%</b>	<b>321,0</b>	<b>190,0</b>	<b>20,0%</b>
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	759,2	628,2	-131,0	-20,9%	321,0	190,0	20,0%
<b>12 Landbúnaður</b>	<b>19.891,6</b>	<b>19.410,7</b>	<b>-480,9</b>	<b>-2,5%</b>	<b>203,1</b>	<b>-277,8</b>	<b>-1,4%</b>
1210 - Stjórnun landbúnaðarmála	17.804,5	17.411,8	-392,7	-2,3%	-32,6	-425,3	-2,4%
1220 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	820,4	765,5	-54,9	-7,2%	122,1	67,2	7,6%
1260 - Matvælaráðuneyti aðalskrifstofa	1.266,7	1.233,4	-33,3	-2,7%	113,6	80,3	6,0%
<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b>	<b>4.192,3</b>	<b>4.972,3</b>	<b>780,0</b>	<b>15,7%</b>	<b>1.656,2</b>	<b>2.436,2</b>	<b>36,8%</b>
1310 - Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.352,6	1.402,0	49,4	3,5%	617,0	666,4	33,0%
1320 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	2.839,7	3.570,3	730,6	20,5%	1.039,2	1.769,8	38,4%
<b>17 Umhverfismál</b>	<b>2.283,3</b>	<b>2.345,8</b>	<b>62,5</b>	<b>2,7%</b>	<b>-130,7</b>	<b>-68,2</b>	<b>-3,1%</b>
1710 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	2.283,3	2.345,8	62,5	2,7%	-130,7	-68,2	-3,1%
<b>21 Háskólastig</b>	<b>216,3</b>	<b>217,2</b>	<b>0,9</b>	<b>0,4%</b>	<b>7,0</b>	<b>7,9</b>	<b>3,5%</b>
2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi	216,3	217,2	0,9	0,4%	7,0	7,9	3,5%
<b>Samtals</b>	<b>27.342,7</b>	<b>27.574,2</b>	<b>231,5</b>	<b>0,8%</b>	<b>2.056,6</b>	<b>2.288,1</b>	<b>7,7%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

## Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

---

Á málefnasviði **7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar** hefur matvælaráðherra forræði yfir Matvælasjóði sem stofnaður var árið 2020. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja nýsköpun á sviði matvæla. Á málefnasviðinu voru einnig AVS – Rannsóknasjóður í sjávarútvegi og Framleiðnisjóður landbúnaðarins en þeir hafa verið lagðir niður og tók Matvælasjóður yfir skuldbindingar þeirra.

Til ráðstöfunar voru alls 628,2 m.kr. á árinu 2021, að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári upp á 321 m.kr. Rekstrargjöld námu 759,2 m.kr. á árinu og er uppsafnað frávik því 190 m.kr., eða 36,8%. Frávikid skýrist að mestu leyti af 248,8 m.kr. afgangi af útgreiðslu styrkja úr Matvælasjóði þar sem gjaldfærslan færir yfir á 2022. Auk þess var afgangur úr AVS – Rannsóknasjóði í sjávarútvegi 68,2 m.kr.





## Landbúnaðarmál

Starfsemi á málefnasviði **12 Landbúnaður** er á forræði matvælaráðherra og skiptist í tvo málaflokka, **12.1 Stjórnun landbúnaðarmála** og **12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum**. Undir málefnasviðið fellur starfsemi Matvælastofnunar, búvöru- og búnaðarlagasamningar, greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum, Bjargráðasjóður og ýmsir samningar og verkefni í landbúnaði.

Til ráðstöfunar á málefnasviði **12 Landbúnaður** voru alls 18.177,3 ásamt 89,5 m.kr. óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 18.624,9 m.kr. á árinu og uppsafnað frávik því -358,1 m.kr., eða -2%. Frávikid skýrist að mestu af því að halli er á liðnum Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum upp á 323,6 m.kr. Af liðnum eru greiddar bætur til bænda vegna niðurskurðar vegna riðu og er ófyrirséð hversu mikið fer í þær greiðslur árlega. Árið 2021 kom upp riða á nokkrum bæjum og því er liðurinn með neikvæða stöðu.

Á árinu 2022 færðist stjórnýsla ráðuneytisins einnig undir **málefnasviði 12 Landbúnaður** og því verður fjallað um þann lið í þessum kafla. Starfsemi málefnasviðsins snýr að rekstri ráðuneytisins, m.a. húsnæðismálum. Til ráðstöfunar voru 1.223,4 m.kr. að viðbættu 113,6 m.kr. sem fluttust yfir frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 1.226,7 m.kr. og uppsafnað frávik því 80,3 m.kr., eða 6%

Á árinu 2021 var farið í margvíslegar aðgerðir á sviði landbúnaðarmála. Undirritað var samkomulag 4. febrúar milli ríkis og bænda um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins. Þar með var fyrri endurskoðun búvörusamninga lokið, en þeir tóku allir gildi í ársbyrjun 2017 og gilda til ársloka 2026.

Í samkomulaginu er kveðið á um atriði sem eiga að styrkja og styðja við íslenskan landbúnað. Samstaða var á milli samningsaðila um að ný landbúnaðarstefna fyrir Ísland verði grunnur að endurskoðun búvörusamninga við næstu endurskoðun árið 2023. Sérstök áhersla var lögð á loftslagsmál og er kveðið á um að íslenskur landbúnaður verði að fullu kolefnisjafnaður eigi síðar en árið 2040.

Tímasett aðgerðaáætlun til eflingar íslenskum landbúnaði var kynnt 17. febrúar. Aðgerðunum er ætlað að styrkja stoðir íslensks landbúnaðar vegna þeirra beinu og óbeinu áhrifa sem COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft á greinina, skapa öfluga viðspyrnu fyrir íslenskan landbúnað og auðvelda honum að nýta tækifæri framtíðarinnar.

Tillaga að landbúnaðarstefnu Íslands „Ræktum Ísland“ var kynnt í september eftir umfangsmikla vinnu verkefnisstjórnar og samráð við alla hlutaðeigandi. Stefnan byggir á þremur lykildregjum sem munu verða ráðandi í landbúnaði framtíðarinnar: landnýtingu, loftslagsmálum og umhverfisvernd, tækni og nýsköpun. Fyrirnefndar breytur leggja grunninn að þeim tíu áhersluatriðum sem dregin eru fram í tillöggunni:

- Landnýting
- Landsskipulag og flokkun
- Fæðuöryggi
- Líffræðilegur fjölbreytileiki



- Umhverfisvernd, alþjóðleg markaðsmál
- Neytendur
- Fjórða iðnbyltingin
- Menntun
- Rannsóknir
- Þróun
- Fjárhagsleg samskipti ríkis og bænda.

Þá eru í tillögnum kynnt 22 skref sem að mati verkefnisstjórnar er nauðsynlegt að stíga við gerð aðgerðaáætlunar.

Mælaborð landbúnaðarins var opnað í apríl. Þar eru upplýsingar um landbúnað og matvælaframleiðslu á Íslandi gerðar aðgengilegar á einum stað og birtar á gagnvirkan og skilmerkilegan hátt. Mælaborðið er hluti af samkomulagi ríkis og bænda við endurskoðun rammisamnings búvörusamninga. Þar kemur fram að nauðsynlegt þygi að hafa yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir í landinu m.a. vegna fæðuöryggis. Einnig eykur slíkur gagnagrunnur gagnsæi og aðgengileika.

Skrifað var undir samning við Bændasamtök Íslands 26. maí um gerð íslensks búvörumerkis. Um er að ræða nýtt valfrjálst uppruna-merki fyrir íslenskar landbúnaðarvörur. Því er ætlað að afmarka með skýrari hætti innlenda landbúnaðarframleiðslu á heimamarkaði og

bæta þar með upplýsingagjöf til neytenda. Bændasamtökin eiga og reka merkið, gefa út leiðbeiningar um notkun þess og skipuleggja eftirlit með því.

Mótun fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland fór af stað í ágúst og var Landbúnaðarháskóla Íslands falið að móta tillögur til vinnslu stefnunnar. Til grundvallar stefnumótuninni liggur meðal annars skýrsla Landbúnaðarháskólans um fæðuöryggi sem skilað var til ráðuneytisins í febrúar 2021.

Úthlutað var styrkjum til nýrra ræktunaraðferða í grænmetisframleiðslu en styrkirnir voru liður í aðgerðum ráðuneytisins til að bregðast við COVID-19. Lögð var áhersla á að styðja umhverfisvænar aðgerðir sem eru til þess fallnar að styrkja grænmetisframleiðslu. Með styrkjunum er stutt við nýsköpun og framþróun í garðyrkju. Samningur við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Landssamtök sauðfjárþænda um verkefnið „Betri gögn, bætt afkoma“ var undirritaður. Um er að ræða þriggja ára verkefni til að efla rekstrarráðgjöf til sauðfjárþænda og bæta afkomu þeirra.

### Matvæli

Yfir 200 EES reglugerðir voru innleiddar á málefnasviðinu. Unnið var að endurskipulagningu starfsemi og fjárhags Matvælastofnunar í samvinnu við stofnunina. Reglugerð um slátrun lítilla sauðfjár- og geitaslátruhúsa tók gildi. Mikil vinna var við niðurskurð vegna riðuveiki og gerð samninga við bændur um bætur vegna hans. Matvælasjóður úthlutaði 566.7 milljónum, en 237 umsóknir um styrki bárust á árinu 2021.





## Landgræðslan og skógræktin

Matvælaráðherra fer með forræði verkefna á einum málaflakki á **málefnaviði 17 Umhverfismál, málaflakki 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla**. Undir málaflakkin heyrta tvær stofnanir, Landgræðslan og Skógræktin.

Til ráðstöfunar á **málefnaviði 17 Umhverfismál** voru alls 2.345,8 m.kr. á **málaflakki 17.10** á árinu 2021 en halli upp á -130,7 fluttist yfir frá fyrra ári. Rekstrargjöld málaflakksins voru alls 2.283,3 m.kr. á árinu og er því uppsafnað frávik -68,1 m.kr. eða -3,1%

Undanfarin ár hefur verið aukið umfang aðgerða sem miða að meiri bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og samdrætti í losun frá landi. Uppgræðsla, endurheimt vistkerfa s.s. votlendis og skógrækt hafa því í heild aukist á síðustu árum. Til að mynda jókst árleg skógrækt um 900 ha milli árunna 2018 og 2021. Áherslur í landgræðslu hafa breyst og í auknum mæli beinst að endurheimt lykilsterfa landsins, votlendis og birkiskóga. Aukin áhersla er á nýtingu lífræns áburðar og hefur notkun hans í landgræðslu tífaldast á síðustu árum. Einnig hefur umfang endurheimtar birkiskóga sem liður í eflingu landgræðslu tvöfaldast. Frá árinu 2018 hafa verið endurheimtir tæplega 600 ha votlendis.

Unnið hefur verið að gerð landsáætlunar í skógrækt og landgræðslu-áætlunar í samræmi við lög um skóga og skógrækt og um landgræðslu. Til þess skipaðar verkefnisstjórnir skiluðu sínum tillögum til ráðuneytisins og hefur verið unnið að samræmingu þeirra í ráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að heildaráætlun um landgæði og vistheimt líti dagsins ljós um mitt ár 2022.

Drög að reglugerð um viðmið fyrir sjálfbæra landnýtingu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í september. Um 80 umsagnir bárust og hefur Landgræðslan unnið úr þeim athugasemdum. Miðað er við að ný drög að reglugerð verði kynnt í annað sinn í samráðsgátt á árinu 2022.

## Sjávarútvegur og fiskeldi

Starfsemi á málefna sviði **13 Sjávarútvegur og fiskeldi** er á forræði matvælaráðherra og skiptist í tvo málaflokka, **13.1 Stjórnun fiskveiða og fiskeldis** og **13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi**. Á málefna sviðinu eru þrjár stofnanir, Fiskistofa, Verðlagsstofa skiptaverðs og Hafrannsóknastofnun en einnig fellur undir málefna sviðið starfsemi Fiskræktarsjóðs, Umhverfissjóðs sjókvíaldis, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og Fiskeldissjóðs, auk ýmissa samninga og verkefna, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Til ráðstöfunar á málefna sviði **13 Sjávarútvegur og fiskeldi** voru alls 4.972,3 m.kr. að viðbætti 1.656,2 m.kr. óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári. Rekstrarútgjöld námu 4.192,3 m.kr. og uppsafnað frávik var því 2.436,1 m.kr., eða 36,8%. Frávikið skýrist að stórum hluta af uppsafnaðri stöðu hjá Verkefnasjóði sjávarútvegsins að upphæð 1.227 m.kr., Fiskræktarsjóði að upphæð 465,9 m.kr. og Sjóði til síldar-rannsókna að upphæð 239,1 m.kr. Einnig var óráðstöfuð fjárheimild á liðnum Bygging hafrannsóknaskips sem fluttist yfir frá árinu 2020.

Til að tryggja íslenskum sjávarafurðum samkeppnishæfni á alþjóðamörkuðum hefur áhersla verið lögð á sjálfbæra nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Til að auka samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs hafa stjórnvöld markvisst unnið að verndun svæða svo tryggja megi verndun fiskstofna og nýliðun. Einnig hefur áhersla verið lögð á að gerð veiðarfæra verði stýrt til að takmarka veiðar á ungvíði, vernda lífríki sjávar og auka gæði aflans. Mikilvægt þykir að tryggja stöðugt framboð afla til að viðhalda sem best erlendum mörkuðum. Þýðingarmikið er að stjórn fiskveiða byggji á vísindalegri þekkingu og að eftirlit sé skilvirkt. Það er samtímis grundvöllur þess að veiðar séu í samræmi við verndunarsjónarmið sem stjórnvöld setja og að ekki sé

veitt umfram vísindalega ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Íslensk stjórnvöld þurfa að vera virk og sýnileg í alþjóðlegu samstarfi og hafa áhrif þegar kemur að mótun alþjóðlegra reglna í sjávarútvegi.

Öflugar hafrannsóknir eru grunnur þess að stjórnvöld fái bestu vísindalegu ráðgjöf til að nýting lifandi auðlinda hafsins í lengd og bráð sé sjálfbær. Stefna um sjálfbærar fiskveiðar á Íslandi hefur leitt til minni sóknar og minni áhrifa á vistkerfi hafsins. Vísindaráðgjöf um einstaka stofna byggist á skipulagðri sýnatöku og öflugri vöktun með stofnmælingum. Nær allur afli íslenskra skipa sem veiddur er innan landhelgi kemur úr stofnum sem ráðgjöf liggur fyrir um. Þó er ráðgjöfin í mörgum minni stofnum byggð á veikari vísindagrunni en stærstu stofnanna. Vísindaaðferðir eru í sífelldri þróun ásamt endurskoðun aflareglna mikilvægustu nytjastofnanna s.s. ýsu, þorsks og loðnu.

Niðurstöður fengust úr verkefnum sem ætlað var að efla rannsóknir á loðnu. Mikilvægur áfangar náðust hönnun og útboð á nýju hafrannsóknaskipi sem mun styrkja grunnrannsóknir á vistkerfi hafsins.

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að nýta lifandi auðlindir hafsins í samræmi við varúðarnálgun, vistkerfisnálgun og sjálfbærni. Til þess þarf góðar grunnrannsóknir á vistkerfi hafsins og áhrifum veiða og eldis á vistkerfið, t.d. hafsbottinn. Loftslagsbreytingar með breytingu hafstrauma og súrnunar hafsins hafa margvísleg áhrif á vistkerfi hafsins. Miklar breytingar eiga sér nú stað á íslenskum hafsvæðum sem kalla á aukna vöktun og grunnrannsóknir, m.a. á loðnustofninum.







## Fiskeldi

Fiskeldi hefur verið í örum vexti undanfarin ár og nam framleiðsla rúmum 50.000 tonnun árið 2021. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hröðum vexti greinarinnar næstu ár bæði í sjókvíaeldi og landeldi. Þessi öri vöxtur hefur kallað á endurskoðun regluverks og styrkingu stjórnsýslu hvað varðar greinina. Unnið var að gerð umhverfismats áætlana fyrir burðarþol og áhættumat erfðablöndunar og skýrslu um það skilað fyrir landið allt. Unnið var að greiningu á regluverki og efnahagslegu umhverfi og áhrifum greinarinnar. Úthlutunarreglur Fiskeldissjóðs voru mótaðar og kynntar á árinu 2021 og sjóðurinn úthlutaði styrkjum í kjölfarið í fyrsta sinn.

## Háskólastig

---

Á málefnasviði **12 Háskólastig** fer matvælaráðherra með forræði á háskólum í þágu landbúnaðar. Til ráðstöfunar voru alls 217,2 m.kr., að viðbætti 7 m.kr. óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári. Rekstrar-gjöld námu alls 216,3 m.kr. og uppsafnað frávik því 7,9 m.kr., eða 3,5%

Í gildi er samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2020-2022. Samkvæmt samningnum felur ráðuneytið LBHÍ að vinna að verkefnum er varða rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu. LBHÍ vann á árinu skýrslu um afkomu sauðfjárbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana ásamt skýrslu um fæðuöryggi Íslands.



---

# Málaflokkar

---




# Málaflokkar

## Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði matvælaráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hvorrar aðgerðar skv. meðfylgjandi töflu :

- **Aðgerð lokið**
- **Aðgerð vel á veg komin**
- **Aðgerð hafin**
- **Undirbúningur hafinn**
- **Aðgerð ekki hafin**



## 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

**Markmið 1:** Loftslagsvænni landbúnaður og matvælaöryggi aukið.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2025
Losun gróðurhúsalofttegunda, mæld í hitunargildi losunar (CO <sub>2</sub> -ígildum).	624	585	550
tak til þess að draga úr útbreiðslu sýklalyfja-ónæmra baktería á Íslandi.	Stýrihópur skipaður og átak hafid.	Stefnumótun komin vel á veg og framtíðarfrármögnun tryggð.	Stefnumótunarvinnu lokið og aðgerðir hafa komið til framkvæmda.

**Aðgerðir sem styðja við markmið 1**

**Framkvæmt 2021**

Verkefni tengd vörnum gegn sýklalyfjaónæmi.	● Úthlutað var úr sýklalyfjaónæmis- og súnusjóð á árinu 2021 en verkefnum sem hljóta styrk úr sjóðnum er ætlað að styrkja varnir gegn sýklalyfjaónæmi.
Móta og framfylgja heildstæðri áætlun um vöktun og ábyrga nýtingu lands.	● Á undirbúningsstigi.
Kolefnishlutleysi nautgriparæktar fyrir árið 2040. Sambærileg vinna í gangi fyrir aðrar búgreinar.	● 14 nautgripabú bættust við í verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður haustið 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

**Markmið 2:** Aukið frelsi til fjölbreyttari matvælaframleiðslu og hvati til nýsköpunar

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021
Fjöldi aðlögunar-samninga við sauðfjárbændur í gildi.	15	40

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021
Framlög hækkuð í tengslum við endurskoðaðan garðyrkjusamning með það að markmiði að framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25% á næstu þremur árum. Er gert ráð fyrir að þetta muni stuðla að framþróun og nýsköpun í garðyrkjunni með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum.	● Framlög greidd.
Matvælasjóður sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði matvælaframleiðslu.*	● 64 verkefni hlutu styrk árið 2021 upp á alls 566,6 m.kr.
Mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.	● Tillögur að Landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, Ræktum Ísland! Liggur fyrir.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

### Markmið 3: Einfeldari stjórnsýsla og aukin stafræn samskipti.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Staða 2019	Viðmið 2023	Viðmið 2025
Framvinda heildarendurskoðunar á löggjöf um búvöruframleiðslu.	Vinna hafin við einföldun regluverks og óþarfar reglugerðir felldar úr gildi.	Greiningu á löggjöf lokið í kjölfar endurskoðunar búvörusamninga og frumvörp langt á veg komin.	Heildstæðri endurskoðun löggjafar um búvöruframleiðslu lokið.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2021
Innleiðing og áframhaldandi þróun á mælaborði sem mun birta yfirgrípsmiklar upplýsingar um landbúnaðarframleiðslu á gagnvirkum og skýran hátt. Auk þess verður rafrænt úthlutunarkerfi tollkvóta innleitt.	● Unnið að áframhaldandi þróun mælaborðsins.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið



**Aðgerðir sem styðja við markmið 3**

**Framkvæmt 2021**

Unnið verður að heildarendurskoðun á löggjöf um búvöruframleiðslu og að gera regluverk tækni óháð svo unnt sé að veita aukna stafræna þjónustu.

● Unnið að endurskoðun löggjafar samhliða undirbúningi fyrir endurskoðun búvörusamninga.

Þróa gagnagrunna og rafrænar lausnir til að bæta stjórnun og skráningu búfjársjúkdóma og tryggja rekjanleika afurða.

● Þarfagreining fyrir gagnagrunn unnin árið 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

**Markmið 1:** Aukin vitund neytenda um matvæli og hvatning til atvinnulífs um aukið matvælaöryggi.

**Mælikvarðar fyrir markmið 1**

**Staða 2019**

**Viðmið 2021**

**Viðmið 2025**

Birting upplýsinga um frammistöðu fyrirtækja sem framleiða matvæli eða fóður.

Samráðshópur vinnur að undirbúningi og mótun frammistöðumats og birtingu upplýsinga.

Fyrirkomulagi og regluverki um frammistöðumat fyrirtækja lokið.

Innleiðingu frammistöðumats lokið.

**Aðgerðir sem styðja við markmið 1**

**Framkvæmt 2021**

Þróun frammistöðumats fyrirtækja sem framleiða matvæli og fóður.

● Undirbúningur er hafinn en ekki hefur verið unnið að birtingu frammistöðumats.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## 13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

### Markmið 1: Samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2025
Bætt eftirlit.	Verkefnastjórn skipuð.	Tillögur starfshóps innleiddar.	Áhrif metin.

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

#### Framkvæmt 2021

Bætt eftirlit með fiskveiðum - innleiðing á tillögum starfshóps um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni.	● Fiskistofa innleiddi m.a. ISO 3100 áhættustaðal í eftirliti og tók einnig upp flygildi til að auka þekju eftirlits.
Aukinn rekjanleiki hráefnis frá veiðum til markaðar, bættur markaðsaðgangur fiskafurða.	● Fiskistofa innleiddi rekjanleikanúmer sem fylgir afla frá veiðum til útflutnings. Næstu skref snúa að því að sjálfvirknivæða rekjanleikann.
Rafræn stjórnsýsla eflid með því að auðvelda aðgengi að gildandi laga- og reglumhverfi, m.a. með sérstöku korti.	● Hafsjá var opnuð í október 2021 en þar er m.a. hægt að skoða allar skyndilokanir og reglugerðar-lokanir, upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun um veiðisvæði eftir veiðarfærum og upplýsingar frá Matvælastofnun um sjókvíaelði og skelfiskaeldi.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

### Markmið 2: Stuðningur við minni sjávarbyggðir.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2025
Ráðstöfun aflaheimilda sem stjórnvöld fara með og hvernig hún nýtist til byggðafestu.	Störf starfshóps.	Tillögur koma til framkvæmda.	Úttekt og mat á áhrifum stuðnings við sjávarbyggðir.

**Aðgerðir sem styðja við markmið 2**

**Framkvæmt 2021**

Endurskoðun framkvæmdar við ráðstöfun atvinnu- og byggðakvóta.

- Í febrúar 2020 skilaði starfshópur skýrslu til ráðherra þar sem fram koma 12 tillögur að breytingum á atvinnu- og byggðakvótum. Árið 2021 var frumvarp lagt fyrir Alþingi um 5,3% pottinn en frumvarp ekki samþykkt.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

**Markmið 3: Aukin verðmætasköpun í fiskeldi.**

**Mælikvarðar fyrir markmið 3**

**Staða 2019**

**Viðmið 2021**

**Viðmið 2025**

Útboð eldissvæða (fjöldi svæða).

0

2

6

Útgefnar framleiðslu- heimildir í rekstrarleyfum í fiskeldi.

75.000

95.000

150.000

Aukning á lífmassa.

33.959

44.000

70.000

**Aðgerðir sem styðja við markmið 3**

**Framkvæmt 2021**

Styrking stjórnáslu fiskeldis.

- Stjórnásla hjá ráðuneytinu og hjá Matvælastofnun styrkt með auknum mannafla og aukinni áherslu á fiskeldismál

Nýr fiskeldissjóður stofnsettur, til styrkingar innviða þar sem fiskeldi er stundað.

- Úthlutað var úr Fiskeldissjóði í fyrsta skiptið árið 2021. Fjögur sveitarfélög hlutu styrki til fimm verkefna upp á alls 105 m.kr.

Mælaborð fiskeldis sett á fót þar sem allar upplýsingar um greinina verða aðgengilegar á opnu vefsvæði.

- Mælaborð fiskeldis var opnað í apríl 2021. Þar má m.a. Sjá framleiðslutölur, fjölda fiska, fjölda laxalúsa og rekstrarleyfi eldisfyrirtækja.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



## 13.20 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

### Markmið 1: Sjálfbær nýting fiskistofna.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2025
Hlutfall af tegundum innan landhelgi sem er úr stofnum sem eru metnir og gefin út ráðgjöf um hámarks-afrakstur.	37%	43%	>50%
Mælikvarði 1b: Fjöldi aflareglna sem eru endurskoðaðar eða endurnýjaðar á hverju ári.	Aflareglur fyrir ýsu og ufsa fram- lengdar um eitt ár. Endurskoðaðar 2020/2021.	Tvær aflareglur endurskoðaðar á ári.	Tvær til þrjár aflareglur endur- skoðaðar á ári. Tvær nýjar tegundir með aflareglu.

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

### Framkvæmt 2021

- Sumarrannsóknir á hrygningu loðnu. ● Fimm leiðangrar voru farnir til að kanna umfang og magn loðnu úti fyrir Norðurlandi sumarið 2021, allt fram í ágúst. Skýrsla var gefin út við lok verkefnisins.
- Atferlisrannsóknir á humri. ● Unnið var úr gögnum sem safnað var árið 2020. Skýrsla var gefin út við lok verkefnisins.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

### Markmið 2: Efling grunnrannsókna.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2025
Hlutfall hafsvæðis innan landhelgi þar sem hafsbotninn hefur verið kort- lagður með fjölgeisla-mælingum.	22%	30%	46%

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2025
Niðurstöður verkefna sem sett voru á áætlun í tengslum við sérstakt fjármagn til eflinga rannsókna á loðnu.	2020-2022	Niðurstöður hluta verkefna.	Niðurstöður úr öllum verkefnum sem sett voru á í tengslum við sérstakt fjármagn frá alþingi.
Áfangar í hönnun og útboð á nýju hafrannsóknaskipi sem mun styrkja grunnrannsóknir á vistkerfi hafsins.	Smíði samþykkt.	Skip í smíðum.	Nýtt skip í notkun.

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

#### Framkvæmt 2021

Kortlagning hafsbotnsins innan efnahagslögsögu Íslands.	● 34.000 km <sup>2</sup> voru kortlagðir árið 2021 og er því búið að kortleggja 40,5% lögsögunnar.
Áfangar í útboði og smíði á nýju hafrannsóknaskipi.	● Unnið að útboði á árinu 2021 í samvinnu við Ríkiskaup. Gengið hefur verið frá samning vegna smíði skipsins.
Efling grunnrannsókna á loðnustofni 2018-2022.	● Gögnum safnað og unnið úr þeim. Búast má við vísindagreinum á árinu 2022 sem varpa ljósi á ýmsa þætti sem skoðaðir hafa verið.
Hvað er að gerast í hafinu? Hvítbók um breytingar á vistkerfi hafsins í kringum Ísland, m.a. með mögulegum sviðsmyndum um þróun á komandi árum.	● Verkefninu lauk á vormánuðum 2021 með útgáfu viðamikillar skýrslu.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

## Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn


---

Á mynd 2 má sjá yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaíðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins 2021, að viðbættum yfirfærðum höfuðstól frá árinu 2020.






Uppsafnað frávik



Fjárhæðir í milljónum króna

Uppsafnað frávik



Fjárhæðir í milljónum króna

